

Borholur í Hvolhreppi hinum forna



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2011/051

Nóvember 2011

Inngangur

Í þessari greinargerð er farið yfir allar borholur í Hvolhreppi hinum forna. Þær eru aðeins sex talsins. Gerð er grein fyrir staðsetningu þeirra og birtar af þeim ljósmyndir. Kort á 6. mynd sýnir staðsetningu holanna.

1. tafla. Upplýsingar um borholur í Austur-Fljótum.

Borhola	Staðarnúmer	Lögbýli	Dýpi	N-hnit	V-hnit	Borár
HV-01	82001	Stórólfshvoll	25 m	63° 45.000	20° 13.690	1960
HV-02	82002	Stórólfshvoll	31,5 m	63° 45.000	20° 13.690	1963/1965
HV-03	82003	Stórólfshvoll	80 m	63° 45.000	20° 13.690	1965
SH-01	82011	Stórólfshvoll	575 m	63° 45.072	20° 12.634	1976
ÞH-01	82020	Þórunúpur	42	63° 46.004	20° 08.055	2008
MK-01	82021	Miðkriki	25	63° 44.600	20° 14.498	1991

Stórólshvoll

HV-01, HV-02 og HV-03

Þessar borholur allar eru nú undir nýrri viðbyggingu við aðstöðu Sláturfélags Suðurlands. Allar þessar holur eru í Stórólshvolslandi en Hvolsvelli var skipt út úr þeirri jörð. Þessi viðbygging er vestan við aðalhúsin og er notuð til að ferma flutningabíla. Undir húsinu er kjallari með þró í og þar eru tvær holur og um einn metri á milli þeirra. Þetta munu vera holur HV-02 og HV-03. Í þeim voru dælur og vatnið notað til kælingar á díselvélum í sláturhúsinu. Um nákvæma staðsetningu holu HV-01 er vitað nú en elstu menn telja að hún hafi verið mjög nærri hinum tveimur enda ætluð til sömu nota en til þess kom aldrei því holan gaf ekkert vatn. (1. mynd)



1. mynd. Þróin með HV-02 og HV-03 er um 3-4 metra inn í húsinu þar sem örin bendir á. Á svipuðum slóðum var hola HV-01.

Stórólshvoll

SH-01

Borhola SH-01 er skammt austan við gamla skólann á Hvolsvelli og mitt á milli hans og lítills móttökuhúss sem þar er. Þetta svæði er upphaflega úr landi Stórólshvols en er nú í landi Hvolsvallar. Holan er nyrst á litlu bílastæði og er rauðamölsflykkjum hlaðið að henni. Hún virðist í þokkalegu ástandi. Var notuð um skeið til mælinga fyrir Veðurstofu Íslands. (2. mynd)



2. mynd. Borhola SH-01 á Stórólshvoli.

Þórunúpur

PH-01

Borhola PH-01 er um 370 metra norðvestur af bæjahúsunum og beint norður af útihúsum sem þar eru. Holan er undir lágri hlíð og er í gömlu túni. Utan um hana er brunnur og járnhlemmur yfir. Holan notuð fyrir neysluvatn. (3. og 4. mynd)



3. mynd. Borhola PHK-01 í Þórunúpi.




4. mynd. Borhola PH-01 á Þórunúpi. Íbúðarhúsið í baksýn.

Miðkriki**MK-01**

Borhola MK-01 er um 300 metra vestur af Miðkrikabænum og er þar sunnan vegslóða og við túngirðingu. Holan er í góðu standi og er notuð til að fylgjast með grunnvatnsmengun. (5. mynd)



5. mynd. Borhola MK-01 í Miðkrika.



6. mynd. Borholur í Hvalhreppi hinum forna.